

Þá ber stefnda að greiða stefnanda 9% ársvexti frá 1. janúar 1963 til greiðsludags af þeirri fjárhæð, kr. 56.651.11.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda einnig að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 6.500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Karl Ó. Jónsson, greiði stefnanda, Kaupfélagi Vopnfirðinga, kr. 56.651.11 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags og kr. 6.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1966.

Nr. 192/1966. Guðmundur Magnússon

(Gunnar Jónsson hdl.)

gegn

Svani Jónssyni (enginn)

og til réttargæzlu

Geir goða h/f (Björn Sveinbjörnsson hrl.)

og

Karli Karlssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fyrning sjóveðréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1965. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms, að því er fjárhæðir varðar, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi. Þá krefst áfrýjandi og þess, að sjóveðréttur verði dæmdur í v/b Björgvin, áður KE 82, nú ÁR 21, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur ekki komið fyrir Hæstarétt, og er honum þó löglega stefnt.

Réttargæzlustefndu krefjast þess, að sjóveðréttarkröfu áfrýjanda verði hrundið og að honum verði dæmt að greiða þeim málskostnað hér fyrir dómi.

Samkvæmt sakargögnum og málflutningi þykir mega við það miða, að stefndi hafi verið eigandi og útgerðarmaður greinds fiskibáts þann tíma, sem kröfur áfrýjanda taka til. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir málavöxtum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. október 1965.

Mál þetta, sem þingfest var 13. 11. 1964, er höfðað með stefnu, birtri 31. október 1964, af Guðmundi Magnússyni, Sörlaskjóli 46, Rvík., gegn Svani Jónssyni, Suðurlandsbraut 106, Rvík., til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 25.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í. Enn fremur er þess krafizt, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Björgvin, KE 82, sem verður ÁR 21, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Í þinghaldi þann 27. september lækkaði stefnandi stefnukröfuna í kr. 17.800.00, en hélt fast við kröfur sínar að öðru leyti. Stefnandi hefur stefnt til réttargæzlu í málinu Ólafi Loftssyni f. h. Geirs goða h/f, Keflavík, og Karli Karlssyni, Þorlákshöfn, „vegna kröfu minnar um viðurkenningu sjóveðréttar í m/b Björgvin, KE 82, er verður ÁR 21, fyrir tildæmdum fjárhæðum“. Stefndi Svanur hefur látið sækja þing í málinu, en þingsókn féll niður af hans hálfu, án þess að andmælum væri hreyft gegn stefnukröfunni.

Verður því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkv. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Réttargæzlustefndi Karl hefur látið sækja þing í málinu.

Af hans hálfu hefur kröfu stefnanda um viðurkenningu á sjóveðrétti verið mótmælt sem fyrndri og honum óviðkomandi. Einnig hefur hann krafizt málskostnaðar.

Af hálfu réttargæzlustefnda Geirs goða h/f hefur ekki verið sótt þing.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hann hafi verið ráðinn háseti á m/b Björgvin og hafi hann byrjað störf á nefndum báti 22. marz 1963. Stefnandi kveðst hafa verið á bátnum nákvæmlega 4 mánuði. Báturinn hafi verið við humarveiðar. Stefnandi kveðst síðan hafa verið á skipinu til 22. júlí 1963, en hætti þá, vegna þess hve illa gekk um greiðslur á kaupum úr hendi stefnda Svans. Stefnandi fékk aldrei viðskiptareikning né neins konar uppgjör frá stefnda Svani, en telur, að heildartekjur sínar fyrir vinnu sína á m/b Björgvin fyrir umrætt tímabil hafi numið kr. 40.000.00. Upp í þá kröfu hafi hann þegar fengið greitt, þannig að eftir standa nú aðeins kr. 17.800.00. Samkvæmt frásögn stefnanda mun stefndi Svanur hafa fengið afsal fyrir bátnum snemma á árinu 1963 frá seljanda hans, Geir goða h/f. M/b Björgvin hætti síðan veiðum í byrjun ágústmánaðar sama ár, og hafði þá verið beðið um uppboð á bátnum til lúkningar veðskuldum.

Sjóveðkröfu stefnanda hafi verið lýst í uppboðsréttinum, en uppboðinu síðan frestað nokkrum sinnum og síðan verið fellt niður að lokum 2. júlí 1964. Á meðan uppboðið frestaðist í uppboðsréttinum, voru kaupin látin ganga til baka til Geirs goða h/f, en hann síðan framselt bátinn Karli Karlssyni.

Svo sem stuttlega er vikið að hér að framan, hefur krafa stefnanda um greiðslu á kr. 19.000.00 úr hendi stefnda eigi sætt neinum andmælum, og með því að hún má teljast sennileg, verður hún tekin til greina með vöxtum, eins og í stefnu greinir.

Að því er varðar sjóveðréttinn, þá er það ljóst, að fyrninguna ber að telja frá tíma, er stefnandi hætti störfum á skipinu, eða frá 22 júlí 1963. Fyrningarfrestur sjóveðréttarins er eitt ár frá ofangreindum tíma, sbr. 6. tl. 1. mgr. 232. gr. 1. nr. 63/1963, en mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 31. 10. 1964. Stefnandi hefur haldið því fram, að lýsing kröfunnar í uppboðsréttinum, sem dregið er á hér að ofan, hafi rofið fyrningu sjóveðréttarins, en á þá skoðun getur dómurinn ekki fallið, þar eð nefndar aðgerðir stefnanda voru ekki lögsókn í skilningi 232. gr. 1. nr. 66/1963. Sjóveðrétturinn í m/b Björgvin var því fyrndur og verður því ekki dæmdur.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður að öðru leyti falli niður.

Dóm þennan kvað upp Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfir-

borgardómara, ásamt sjódomsmönnunum Eiríki Kristóferssyni, fyrrverandi skipherra, og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Svanur Jónsson, greiði stefnanda, Guðmundi Magnússyni, kr. 17.800.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum

Miðvikudaginn 19. október 1966.

Nr. 193/1965. **Pétur Breiðfjörð** (Gunnar Jónsson hdl.)

gegn

Svani Jónssyni (enginn)

og til réttargæzlu

Geir goða h/f (Björn Sveinbjörnsson hrl.)

og

Karli Karlssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fyrning sjóveðréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1965. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms, að því er fjárhæðir varðar, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi. Þá krefst áfrýjandi og þess, að sjóveðréttur verði dæmdur í v/b Björgvin, áður KE 82, nú ÁR 21, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur ekki komið fyrir Hæstarétt, og er honum þó löglega stefnt.

Réttargæzlustefndu krefjast þess, að sjóveðréttarkröfu áfrýjanda verði hrundið og að honum verði dæmt að greiða þeim málskostnað hér fyrir dómi.

Samkvæmt sakargögnum og málflutningi þykir mega við það miða, að stefndi hafi verið eigandi og útgerðarmaður